

MINNISBLAÐ REIKNINGSSKILARÁÐS NR. 2/2018

TIL ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTTIS

UM ATRIÐI TENGD ÁRSREIKNINGALÖGUM SEM RÁÐIÐ TELUR ÞÖRF Á AÐ TAKA TIL FREKARI SKOÐUNAR

Í störfum reikningsskilaráðs hafa komið upp nokkur reikningsskilaleg álitamál sem ráðinu þykir ástæða til að benda ráðuneyti atvinnuvega- og nýsköpunar á og leita sömuleiðis eftir afstöðu þess til þess hvort ástæða sé til að skoða lagabreytingar. Um er að ræða eftirfarandi atriði:

1. Ákvæði um leigusamninga.

Huga þarf að ákvæðum um leigusamninga í lögnum. Nýr staðall IFRS 16, sem mun taka gildi 1. janúar 2019, gerir mun ríkari kröfur en fyrri staðall IAS 17. Horft er fram á að staðallinn geti verið verulega íþyngjandi fyrir minni fyrirtæki og því gæti verið ástæða til að RR setji um þetta reglu sem myndi undanskilja minni fyrirtæki frá kröfum hans. Samhliða þarf að huga að aðlögun laganna hvað varðar notkun á hugtakinu fjármögnunarleiga eða mögulega að setja ákvæði um stærðarmörk.

2. Nýr staðall um tekjuskráningu, IFRS 15.

Horft er fram á að staðallinn geti verið verulega íþyngjandi fyrir minni fyrirtæki þurfi þau að beita ákvæðum staðalsins. Því virðist koma til greina að RR setji reglu um þetta atriði. Í þessu sambandi þarf mögulega einnig að huga að aðlögun laganna.

3. Engin ákvæði eru í ársreikningalögum um opinbera styrki til atvinnurekstrar.

Varðar kannski fáa og til er IFRS staðall. Því virðist koma til greina að RR setji reglu um þetta atriði. Í þessu sambandi þarf mögulega einnig að huga að aðlögun laganna.

4. Tekjur (tap) af matsbreytingum fjárfestingarfasteigna án eiginfjárbindingar og þar með tækar til greiðslu á arði.

Í ljósi þeirrar umræðu sem varð um þessi mál við lagasetninguna telur RR eðlilegt að fara betur yfir rök með og móti því að matsbreytingar þessara eigna séu án eiginfjárbindingar. Til viðbótar gæti þurft að aðlaga lögina að nýjum staðli um fjármálagerninga, IFRS 9, út frá kröfum um eiginfjárbindingu.

5. Óljóst hlutverk skoðunarmanna - léttendurskoðun.

Vísað er til umræðu sem verið hefur í gangi um þessi mál m.a. innan vébanda endurskoðenda.

6. Lagaákvæði tengd ársreikningum einnig að finna í hlutafélagalögum.

Er ástæða til að vinna að því að þetta sé allt á einum stað, þ.e. í ársreikningalögum.

7. Innleiðing tilskipunar nr. 2014/95EU.

Huga þarf að því að orðalag í 66. gr. d. í ársreikningalögnum hefur mögulega ekki náð öllu innihaldi tilskipunarinnar hvað varðar auknar kröfur um ófjárhagslegar upplýsingar fyrirtækja.

Þessu til viðbótar hefur RR áhuga á að ræða hýsingu á heimasíðu þar sem birt yrðu minnisblöð, álit og settar reglur reikningsskilaráðs.

Reikningsskilaráð lýsir sig reiðubúið til nánari viðræðna um þessi mál við ráðuneytið.

Reikningsskilaráð

Febrúar 2018

Aðalsteinn Hákonarson

Elín Hanna Pétursdóttir

Signý Magnúsdóttir

Sigurjón G. Geirsson

Unnar Friðrik Pálsson